

Landsvirkjun  
Helgi Jóhannsson  
Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
07. júlí 2014
10.51
Tilv.



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. júlí 2014  
Tilvísun: UST20140700058/bs

## Grjótnám við Köldukvísl ofan Sporðöldulóns. Umsögn

Vísað er til bréfs Landsvirkjunar dags. 3. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugað grjótnám við Köldukvísl.

Ráðgert er að taka um 300 m<sup>3</sup> af grjóti (steinastærð 0,5 m til 1,0 m) úr tveimur til þremur 50 m löngum grjótrönum (grjótgörðum) sem tengjast klapparkanti.

Grjótið á að nota til að gera 3 veiðistaði í Köldukvísl (130 m, 800 m og 1000 m ofan við ármót Tjaldvíslar). Veiðistaðirnir eru gerðir skv. tillögum Veiðimálastofnunar og fyrir liggur leyfi Fiskistofu. Um er að ræða mótvægisáðgerð vegna veiðistaða sem töpuðust með tilkomu Sporðöldulóns.

Fulltrúi Umhverfisstofnunar skoðaði aðstæður á vettvangi þann 18. júní sl.

Umhverfisstofnun telur að þar sem um er að ræða fremur litla efnistöku á svæðum þar sem mikið stórgryti er á gróðurlausu og sendnu landi ætti að vera unnt að tína það magn sem um ræðir án þess að ásýnd svæðanna breytist. Auðvelt á að vera að eyða ummerkjum um efnistökuna þar sem einungis þarf að jafna sandi yfir svæðin. Ekki þarf að leggja slóð að efnistokusvæðunum þar sem land ætti að bera akstur tækja án nokkurra aðgerða.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða efnistöku.

Virðingarfyllst  
*Björn Stefansson*  
Björn Stefansson  
sérfræðingur

*Kristín S. Jónsdóttir*  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur